

118

24. sept.

5. gr.  
Gjalddagi fasteignaskatts skv. reglugerð þessari skal vera í fyrsta skipti 1. okt. 1955, en síðan 1. apríl ár hvert.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem greiddur er tveim mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum á hverjum tíma.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti skv. reglugerð þessari eru allar fasteignir Miðnes-hrepps, aðrar en lóðir og lönd, sem seldar eru á leigu. Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana. Skólahús, barnahæli, sjúkrahús svo og aðrar, sem undanþegnar eru skv. 4. gr. laga nr. 67 frá 1945.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá 1. janúar 1955.

*Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 24. september 1955.*

**Guðmundur Í. Guðmundsson.**

119

1. okt.

## AUGLÝSING

um breytingar á lyfjaverði.

Frá og með 1. október 1955, og þar til öðruvísi verður ákveðið, hækkar verð á lyfjum og vinnu við lyfjagerð um 10% og verður 15% — fimmtán af hundraði — hærri en greinir í lyfsöluskrá frá 1. marz 1954.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 1. október 1955.*

F. h. r.

**Gústav A. Jónasson.**

*Baldur Möller.*